

Bæjarstjórn - 1976

FUNDARBOÐ

**1976. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 6.
maí 2026 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2601658 - Reglur um fjárhagsaðstoð hjá Hafnarfjarðarkaupstað

4.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 28.apríl sl.
Lagt fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir uppfærðar reglur um fjárhagsaðstoð að undanskilinni breytingu á fyrstu setningu 3. mgr. 8. gr. reglnanna sem verður óbreytt. Fjölskylduráð vísar uppfærðum reglum til samþykktar í Bæjarstjórn.

2. 2501358 - Húsnæði fyrir fatlað fólk - uppbygging

8.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 28.apríl sl.

Lögð fram umsögn samráðshóps um málefni fatlaðs fólks.

Lagt fram til afgreiðslu.

Lagt fram til afgreiðslu.

Fjölskylduráð samþykkir framlagða húsnæðisáætlun og vísar henni til frekari staðfestingar í bæjarstjórn.

Meirihlutinn fagnar samþykkt fjölskylduráðs á heildstæðri og metnaðarfullri húsnæðisáætlun fyrir fatlað fólk til ársins 2038. Slík áætlun er lykilforsenda þess að hægt sé að tryggja fötluðu fólki öruggt og viðeigandi húsnæði til framtíðar með auknum fyrirsjáanleika bæði fyrir notendur og sveitarfélagið í heild.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að lögð er áhersla á fjölbreytt búsetuform sem taka mið af ólíkum þörfum og aðstæðum fatlaðs fólks sem eru í samræmi við þær ábendingar sem fram komu frá samráðshópi um málefni fatlaðs fólks.

Meirihlutinn hefur lagt ríka áherslu á að unnið sé markvisst að slíkri uppbyggingaráætlun og er ánægjulegt að sjá þann góða árangur sem hér birtist. Áætlunin sýnir skýra stefnu um uppbyggingu húsnæðis til næstu ára og er mikilvægt skref í áframhaldandi þróun þjónustu við fatlað fólk í Hafnarfirði.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar fagna því að nú liggi fyrir húsnæðisáætlun fyrir fatlað fólk enda nauðsynlegt að heildstæð og raunhæf uppbyggingaráætlun í búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk sé til staðar hjá bæjarfélaginu. Hér er um grundvallar verkefni sveitarfélaga að ræða og mikilvægt að það sé ávallt sett í forgang. Fatlað fólk á ekki að þurfa að vera á biðlista eftir húsnæði í lengri tíma því hér um mannréttindamál að ræða. Brynt er að ávallt sé boðið upp á fjölbreytt húsnæði á forsendum notenda enda eru þarfir fatlaðs fólks þegar kemur að húsnæði misjafnar eins og hjá öðrum.

3. 2604178 - Fluguskeið 18 og 18a, umsókn um lóð

4. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.apríl sl.

Lögð fram umsókn Ellerts Ólafssonar um lóðinar nr. 18 og 18a við Fluguskeið.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

4. 2603646 - Byrgisás 5-7, umsókn um lóð

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.apríl sl.

Lögð fram umsókn MA Verktaka ehf. um lóðina nr. 5-7 við Byrgisás.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóðinni samkvæmt umsókn og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

5. 2510055 - Golfklúbburinn Keilir, stækkun golfskála

10.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.apríl sl.

Lagt fram

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að samningi og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

6. 2106263 - Hafnarfjarðarbær, heildstæð stefnumótun, heimsmarkmið

14.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.apríl sl.

Uppfærsla á heildarstefnu Hafnarfjarðar lögð fram til samþykktar.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi uppfærslu á heildarstefnu og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2501113 - Suðurrhöfn, breyting á deiliskipulagi

1.liður úr fundargerð skipulags og byggingaráðs frá 30.apríl sl.

Uppfærð greinargerð lögð fram til upplýsinga. Tekið hefur verið mið af ábendingum Skipulagsstofnunar.

Skipulags- og byggingarráð vísar uppfærðri greinargerð og tillögu Suðurrhafnar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2603640 - Vatnshlíð lífsgæðakjarni deiliskipulag

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.
Lögð fram skipulagslýsing fyrir lífsgæðakjarna á um 7ha svæði í vesturhluta Vatnshlíðar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að leita umsagna við skipulagslýsingu lífsgæðakjarna í Vatnshlíð og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2511390 - Óseyrarbraut 26, breyting á deiliskipulagi

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.
Á fundi bæjarstjórnar þann 11. febrúar sl. var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Óseyrarbrautar 26. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits, aukningu nhl., hámarkshæð verði 16m, kvöð um lagnir í jörð á lóðinni aflögð, þakform verði frjálst og gólfkóti hækkar. Tillagan var í auglýsingu 19. febrúar til 6. apríl 2026. Lögð fram svör við athugasemdum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar því til bæjarstjórnar að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi Óseyrarbrautar 26.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vísa til bókuar sinnar í Hafnarstjórn 21.1.2026.

10. 2601512 - Flensborgarhöfn, deiliskipulag

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.
Á fundi bæjarstjórnar þann 11. febrúar sl. var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnar vegna Flensborgarhafnar. Tillagan gerir ráð fyrir nýrri uppbyggingu á svæðinu fyrir verslun, þjónustu og íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að Siglingaklúbburinn, Íshúsið og Fornubúðir 8-12 verði áfram á sínum stað. Ný gata Flensborgarstræti liggur í gegnum svæðið. Tillagan var í auglýsingu 19. febrúar til 6. apríl 2026. Lögð fram svör við athugasemdum ásamt uppfærðri tillögu.

Meirihluti skipulags- og byggingarráðs tekur undir svör við athugasemdum og vísar því til bæjarstjórnar að samþykkja uppfærða breytingu í samræmi við svör við athugasemdum að deiliskipulagi Flensborgarhafnar. Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar benda á að öll gögn vegna málsins lágu ekki fyrir fyrir en rétt fyrir fundinn sem er ekki í samræmi við samþykktir Hafnarfjarðarbæjar. Því var ekki hægt að kynna sér málið til hlítar eða taka upplýsta afstöðu til málsins. Því sitja fulltrúar Samfylkingarinnar hjá við afgreiðslu málsins.

Ennfremur ítreka fulltrúar Samfylkingarinnar athugasemd Vegagerðarinnar þar sem bent er á að yfirstandanda vinna Vegagerðarinnar og Hafnarfjarðarbæjar er ólokið um útfærslu samgangna á svæðinu og þar með liggur ekki fyrir endanleg rýmisþörf samgöngumannvirkja. Því mælir Vegagerðin með að deiliskipulagið verði unnið samhliða slíkri vinnu eða eftir að henni lýkur, m.ö.o. að fresta samþykkt deiliskipulagsins. Þetta er í samræmi við tillögu jafnaðarfólks í skipulags- og byggingaráði og í bæjarstjórn, sem hafa ítrekað bent á að samkvæmt samgöngugreiningu Eflu er samgöngukerfi á svæðinu komið að þolmörkum og m.a. lagt til frestun á málinu þar til vinna bæjarins og Vegagerðarinnar ljúki á endanlegri útfærslu samgöngumannvirkja.

11. 2602585 - Drangsskarð 15, Hádegisskarð 24, breyting á deiliskipulagi

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 05.03.2026 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Drangsskarðs 15 og Hádegisskarðs 24 vegna fjölgunar eigna. Tillagan var grenndarkynnt frá 18.03.2026 til 21.04.2026. Athugasemd barst. Lögð fram samantekt athugasemda og svör.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör við athugasemdum og vísar því til bæjarstjórnar að samþykkja framlagða breytingu að deiliskipulagi Drangsskarðs 15 og Hádegisskarðs 24.

12. 2601425 - Frítt í strætó fyrir 12-17 ára ungmenni

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir málinu á dagskrá. Tillaga lögð fram.

Fundargerðir

13. 2601097 - Fundargerðir 2026, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 29.apríl sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 28.apríl sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 30.apríl sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15.apríl sl.

b. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 21.apríl sl.

c. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 17.apríl sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 20.apríl sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 29.apríl sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.apríl sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 4.maí sl.

Áætlanir og ársreikningar

14. 2511294 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2025 og fyrirtækja hans, síðari umræða

12. liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 22. apríl sl.

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16. apríl sl.

Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráðs smáþykkir fyrirliggjandi ársreikning og vísar til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi Hafnarfjarðar fyrir síðasta ár var reksstrarniðurstaða A-hluta bæjarsjóðs neikvæð um rúmlega 1,1 milljarð en rekstrarhluti A og B hluta var jákvæð um 50 milljónir. Þetta gerist þrátt fyrir auknar tekjur miðað við áætlanir. Einnig kemur fram að alls voru tekin ný lán upp á rúma 6 milljarða en greiddar voru afborganir alls tæplega 2,5 milljarðar og langtímaskuldir hækka um rúma 2,3 milljarða milli ára. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar munu gera grein nánari grein fyrir afstöðu sinni við fyrri og

síðari umræðu um málið í bæjarstjórn.

Valdimar Víðisson tekur til máls. Einnig Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Ingi Hákonarson.

Orri Björnsson tekur til máls. Árni Rúnar Þorvaldsson kemur til andsvars. Orri svarar andsvari. Árni Rúnar kemur að andsvari.

Guðmundur Árni tekur til máls öðru sinni. Orri kemur að andsvari sem Guðmundur Árni svarar.

Forseti leggur næst til að fyrirbyggjandi ársreikning verði vísað til síðari umræðu í bæjarstjórn. Er það samþykkt samhljóða.

Valdimar kemur að svohljóðandi bókun fyrir hönd meirihluta:

Ársreikningur 2025 sýnir að fjárhagsstaða Hafnarfjarðarbæjar er traust þrátt fyrir krefjandi rekstrarumhverfi og mikið framkvæmdaár. Árið 2025 var ár mikillar uppbyggingar hjá Hafnarfjarðarbæ og sér þess skýr merki í ársreikningnum. Fjárfestingar í A-hluta jukust verulega á milli ára og sú uppbygging skilar sér í auknum lífsgæðum og öflugri þjónustu fyrir bæjarbúa. Meginástæða þess að niðurstaða A-hluta varð lakari en áætlanir gáfu tilefni til er veruleg hækkun lífeyrisskuldbindinga á árinu 2025. Hækkun lífeyrisskuldbindinga nam 3 milljörðum króna samanborið við 1 milljarð króna árið 2024 og hefði rekstur A-hluta bæjarsjóðs skilað afgangi ef sú aukning hefði ekki komið til. Auk þess hefur bærinn, líkt og önnur sveitarfélög, fundið verulega fyrir hækkun launa. Ársreikningurinn endurspeglar því traustan rekstur og efnahagslegan styrk Hafnarfjarðarbæjar sem byggst hefur jafnt og þétt upp á undanförunum árum. Meirihlutinn leggur áherslu á að áfram verði unnið af ábyrgð, festu og skýrri forgangsröðun að því að sameina traustan rekstur, öfluga þjónustu og nauðsynlega uppbyggingu í þágu bæjarbúa.

Árni Rúnar kemur að svohljóðandi bókun:

Niðurstöður ársreiknings Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2025 valda vonbrigðum og staðfesta að rekstur bæjarins er ekki sjálfbær. Sameiginlegar tekjur bæjarins standa ekki undir hefðbundnum rekstrarútgjöldum; bærinn er einfaldlega rekinn með halla. Þess vegna er bilið brúað með nýjum lántökum, þannig að skuldir bæjarins aukast umtalsvert milli ára. Þessar meginniðurstöður staðfesta í einu og öllu þær viðvaranir, ábendingar og gagnrýni sem bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar hafa látið í ljós á yfirstandandi kjörtímabili sem nú er að ljúka.

Þetta gerist á sama tíma og útsvarstekjur og fasteignaskattar eru hærri en fjárhagsáætlun ársins 2025 gerði ráð fyrir. Sameiginlegar rekstrartekjur, þ.e. útsvar, fasteignaskattur, framlög jöfnunarsjóðs og aðrar tekjur eru tæpum 1,5 milljarði hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Samt skilar bæjarsjóður rekstrarhalla upp á tæpa 1,2 milljarða. Það er falleinkunn fyrir meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks, sem hefur stært sig af traustri fjármálastjórn - án innstæðu, því fyrirbyggjandi niðurstaða sýnir hið gagnstæða. Tölurnar tala sínu máli. Helstu lykiltölur ársreikningsins senda upp gul flögg.

Til að rekstur sveitarfélags geti talist sjálfbær til lengri tíma, þá er almenna viðmiðið að veltufé frá rekstri þurfi að vera að meðaltali um 10% af tekjum til lengri tíma séð. Lágmarksviðmið eftirlitsnefndarinnar með fjárreiðum sveitarfélaga er að veltufé frá rekstri sé aldrei undir samanlögðum afborgunum

langtímalána og leiguskuldbindinga. Veltufé frá rekstri var um 1,4% af tekjum A hluta ársreikningsins 2025 og stendur ekki undir nema um 30% af afborgunum lána. Það hringir viðvörunarbjöllum og ef slík væri raunin í rekstri fyrirtækis eða heimilisrekstri, þá væri það metið sem mjög alvarlegt ástand.

Skýringar meirihlutans á þessum hallarekstri eru þær, að ekki hafi tekist að selja nægilega marga lóðir á nógu háu verði eins og áformað var. Slík áætlanagerð er ekki skynsamleg og við henni var varað af hálfu jafnaðarmanna. En það undirstrikar hugarfar Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks um að tjalda til einnar nætur; að treysta sífellt á einsskiptis aðgerðir til að bjarga málum fyrir horn. Það er fagnaðarefni út af fyrir sig að eftirspurn sé eftir lóðum í bænum en það er óskynsamlegt að treysta á lóðasölu sem grundvallartekjustofn í rekstri og þjónustu bæjarins. Þegar áætlað er að lóðasala skili jafnháum tekjum og fastur tekjustofn eins og fasteignaskattur, þá er óvarlega farið og lýsir veikri stöðu. Þetta er í sama anda og fyrri aðgerðir þessa meirihluta og nægir að vísa til þess, þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks seldi hlut bæjarins í HS veitum árið 2020 til að ná endum saman.

Þá er óhjákvæmilegt annað en að flagga þeirri staðreynd að stórar skuldbindingar upp á milljarða króna standa utan efnahagsreiknings og hafa ekki áhrif á fjárhagslega stöðu bæjarsjóðs og er þar vísað til skuldbindinga vegna nýbyggingar Tækniskóla Íslands til Hafnarfjarðar, en þar ber bærinn fjárhagslega ábyrgð á útvegum byggingarhæfrar lóðar og með stofnframlagi í verkefnið. Þar hefur aðeins lítil hluti þeirrar skuldbindingarinnar verið inntur af hendi. Sama má segja um nauðsynlegar ráðstafanir sem bíða handan við hornið og varða eignarhald á Áslandsskóla og Leikskólanum við Hörðuvelli, en leigutími þessara eigna rennur út um næstu áramót og alls óljóst hjá núverandi meirihluta hvernig taka skuli á þeim málum.

Það er því ljóst að nýrrar bæjarstjórnar, sem kjörin verður 16. maí næstkomandi og tekur við stjórn bæjarins í kjölfarið, bíða stór og þung verkefni, þar sem meginverkefnið verður að tryggja fjárhagslegan stöðugleika, framtíðarsýn og festu í rekstri bæjarfélagsins á komandi kjörtímabili, en um leið nauðsynleg og aðkallandi uppbyggingarverkefni. Samfylkingin er tilbúin til að leiða það verkefni.

04.05.2026

Valdimar Víðisson bæjarstjóri